



Reykjavík, 16. september 2016
Fundargerð 156. fundar

Tilvísun: 00060002

Miðvikudaginn 16. september 2016 var haldinn 156. stjórnarfundur Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. Fundurinn var haldinn á Skarhólabraut 1 og hófst kl. 08.00.

Viðstaddir voru Dagur B. Eggertsson, Ármann Kr. Ólafsson, Gunnar Einarsson, Haraldur Líndal Haraldsson, Haraldur Sverrisson og Ásgerður Halldórsdóttir.

Jafnframt sátu fundinn Jón Viðar Matthíasson, slökkviliðsstjóri, Birgir Finnsson, varaslökkviliðsstjóri, og Ingveldur Lára Þórðardóttir, skrifstofustjóri.

Fundarstjóri var Dagur B. Eggertsson, formaður.

Fundarritari var Ingveldur L. Þórðardóttir.

Þetta gerðist:

1. Sex mánaða uppgjör

Slökkviliðsstjóri lagði fram árshlutareikning SHS samstæðunnar fyrir tímabilið 1.1.-30.6.2016.

Eftirfarandi lagt fram:

- Árshlutareikningur samstæðu SHS 30.6.2016, dags. 16. september 2016.

Afgreiðsla: Árshlutareikningur samþykktur og undirritaður. Stjórnin óskar eftir að slökkviliðsstjóri leggi á næsta fundi fram ítarlegar upplýsingar um þróun launa, yfirvinnu og uppsetts afls frá árinu 2011.

2. Fjárhagsáætlun 2017

Slökkviliðsstjóri lagði fram drög að fjárhagsáætlun SHS 2017, byggð er á fjárhagsforsendum Reykjavíkurborgar fyrir árið 2017.

Eftirfarandi lagt fram:

- Fjárhagsáætlun SHS 2017, dags. 13. september 2016.

Afgreiðsla: Kynning. Endanleg áætlun verður unnin þegar rekstrarúttekt liggur fyrir, í samræmi við ákvörðun 155. stjórnarfundar.

3. Brunavarnaáætlun SHS

Varaslökkviliðsstjóri fór yfir framvindu mála við vinnslu áhættumats og greiningar vegna brunavarnaáætlunar SHS.

Afgreiðsla: Kynning.

[Handwritten signatures and initials in blue ink]

252

4. Launaþróun LSS

Ferli leiðréttinga vegna starfsmats og launaþróun helstu stöðugilda kynnt. Óskað var eftir nánari sundurliðun á launaþróun milli ára á síðasta stjórnarfundum.

Eftirfarandi lagt fram:

- Endurmat á starfsmati og launaþróun 2010-2016, dags. 7. september 2016.

Afgreiðsla: Kynning.

5. Markmið í loftslagsmálum

Drög að loftslagsstefnu SHS og markmiðum SHS í loftslagsmálum lögð fram til kynningar.

Eftirfarandi lagt fram:

- Loftslagsstefna SHS, drög, dags. 16. september 2016.

Afgreiðsla: Kynning.

6. Forgangsstýrð umferðarljós fyrir neyðarumferð

Kynnt að formleg prófun á miðlægri forgangsstýringu umferðarljósa á höfuðborgarsvæðinu verði næstkomandi mánudag.

Afgreiðsla: Kynning.

7. Önnur mál


Engin önnur mál.

Næsti fundur verður boðaður sérstaklega.


Fundi slitið klukkan 09.05.

Fylgiskjöl:

- Árshlutareikningur samstæðu SHS 30.6.2016, dags. 16. september 2016.
- Fjárhagsáætlun SHS 2017, dags. 13. september 2016
- Endurmat á starfsmati og launaþróun 2010-2016, dags. 7. september 2016.
- Loftslagsstefna SHS, drög, dags. 16. september 2016.




Dagur B. Eggertsson



Gunnar Einarsson



Ásgerður Halldórsdóttir



Ármann Kr. Ólafsson



Haraldur Sverrisson



Haraldur L. Haraldsson